

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. júlí 2011 P.14 Z
Tilv. _____

Sorpstöð Suðurlands
Austurvegi 56
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2011
Tilvísun: UST20110500076/ge

Áminning og krafa um tímasetta áætlun um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 10. maí 2011, þar sem Sorpstöð Suðurlands (SOS) var veittur frestur til að skila tímasettri áætlun um söfnun hauggass á urðunarstaðnum að Kirkjuferjuhálegu og til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna áforma stofnunarinnar um að veita Sorpstöð Suðurlands áminningu, sbr. 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun hafa borist sjónarmið Sorpstöðvar Suðurlands, þar sem kemur fram að móttöku á sorpi og urðun var lokið 1. desember 2009 og að á þeim tíma hafi engin krafa komið fram um að gera yrði ráðstafanir til gassöfnunar. Einnig að SOS hafi sent inn drög að lokunaráætlun fyrir Kirkjuferjuháleigu sem voru samþykkt. SOS telur að krafa um lokun eldri hluta Kirkjuferjuháleigu séu nýjar upplýsingar og að alltaf hafi verið litið á að tímasetninga féllu saman, þ.e. 16. júlí 2009 og 1. desember 2009 og að ekki yrði gerðar sérstakar kröfur til þess litla magns sem félli til seinni hluta árs 2009. Þá óskar SOS að tekið verði tillit til þess að urðunarsatðurinn á Kirkjuferjuháleigu sé lítill urðunarstaður sem þjónað hefur fámennu svæði í tiltölulega stuttan tíma eða frá árinu 1996. Loks er það ósk SOS að þessi krafa Umhverfisstofnunar gagnvart Kirkjuferjuháleigu verði felld niður.

- 1. Móttöku á sorpi og urðun var lokið 1. desember 2009 og að á þeim tíma hafi engin krafa komið fram um að gera yrði ráðstafanir til gassöfnunar.** Umhverfisstofnun fellst ekki á þessa fullyrðingu. Nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn að Kirkjuferjuháleigu var gefið út 8. apríl 2009 til sextán ára. Í því starfsleyfi, nánar tiltekið í grein 3.4 kemur skýrt fram að rekstraraðili skuli safna hauggasi. Grein 3.4 orðast svo „Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það ella. Söfnun og vinnsla á hauggasi telst endurnýting. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna.“ Sorpstöð Suðurlands hefur ekki gert athugasemd við þessa kröfu í starfsleyfinu, hvorki við vinnslu starfsleyfis eða auglýsingu þess árið 2009 né síðar.
- 2. SOS hafi sent inn drög að lokunaráætlun fyrir Kirkjuferjuháleigu sem voru samþykkt.** Umhverfisstofnun telur þessa athugasemd byggja á misskilningi rekstraraðila

á því hvað telst lokun, sbr. reglugerð 738/2003. Sú lokunaráætlun sem SOS sendi inn 2.3.2010 fullnægir ekki skilyrðum V. kafla reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgagns né ákvæðis 1.8 í starfsleyfi, og átti að berast fyrir 15. október 2009. Ekki hefur komið fram skrifleg beiðni um að hefja lokunarferli, sbr V. kafla reglugerðar nr. 738/2003 og því ekki um lokunarferli að ræða. Lokunarferli hefst með leyfi Umhverfisstofnunar eða með rökstuddri ákvörðun Umhverfisstofnunar og lýkur með þinglýsingu og aflýsingu starfsleyfis. Við vinnslu starfsleyfis var ítrekað haft samband við fulltrúa SOS, m.a. vegna athugasemda sem bárust Umhverfisstofnun, á meðan drög að starfsleyfi voru í auglýsingu, um að gildistími starfsleyfis yrði stytur. Afstaða Sorpstöðvarinnar var sú að hún myndi ekki leggja til styttingu á auglýstum gildistíma starfsleyfis sem var í samræmi við umsókn Sorpstöðvarinnar. Því hefur stofnunin ekki fengið aðrar upplýsingar frá rekstraraðila en að óskað sé eftir að hafa gilt starfsleyfi til ársins 2025. Lokun skv. reglugerð nr. 738/2003 er endanleg lokun og útilokar síðari nýtingu urðunarstaðarins. Því er ljóst að ekki er farið í lokunarferli á sama stað og sótt er um áframhaldandi starfsleyfi til urðunar.

3. **SOS telur að krafa um lokun eldri hluta Kirkjuferjuháleigu séu nýjar upplýsingar og að alltaf hafi verið litið á að tímasetninga féllu saman, þ.e. 16. júlí 2009 og 1. desember 2009 og að ekki yrði gerðar sérstakar kröfur til þess litla magns sem félli til seinni hluta árs 2009.** Umhverfisstofnun getur ekki fallist á það að 16. júlí 2009 sé sama dagsetning og 1. desember 2009, enda hafi ekki komið fram formleg beiðni um að hefja lokunarferli staðarins fyrir 16. júlí 2009. Legið hefur ljóst fyrir frá árinu 2003 að urðunarstaðir yrðu að uppfylla strangari kröfur sem gerðar voru til urðunarstaða frá 16. júlí 2009, en loka ella. Krafan um hauggassöfnun er mjög skýr í reglugerð nr. 738/2003, sbr. einnig tl. 4 í I. viðauka reglugerðarinnar. Ákvæði til bráðabrigða heimilaði starfandi urðunarstöðum að starfa án gassöfnunar til 16. júlí 2009, en loka ella. Umsókn um nýtt starfsleyfi eftir 16. júlí 2009, hlýtur að teljast sem fullur ásetningur um að safna hauggasi í samræmi við lög og reglur. Jafnframt er bent á 4. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003, þar sem Umhverfisstofnun er heimilt, með nýju starfsleyfi að heimila staðsetningu nýs urðunarstaðar við hlið urðunarstaða sem lokað hefur verið. SOS óskað ekki eftir að loka eldri hluta urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu, sem hafði verið í notkun frá 1996, og þar með hefði ekki myndast krafa á að safna gasi af eldri hluta urðunarstaðarins. Einnig vísar stofnunin í svör hér að ofan, að lokunarferli hafi aldrei verið hafið af hálfu SOS vegna urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu, heldur ítrekað óskað eftir að hafa gilt starfsleyfi til 2025.
4. **Þá óskar SOS að tekið verði tillit til þess að urðunarstaðurinn á Kirkjuferjuháleigu sé lítill urðunarstaður sem þjónað hefur fámennu svæði í tiltölulega stuttan tíma eða frá árinu 1996.** Umhverfisstofnun getur ekki fallist á að urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuháleigu sé svo lítill og þjóni svo fámennu svæði að kröfur um hauggassöfnun eigi ekki við. Í reglugerð nr. 738/2003 eru tilgreindar aðstæður þar sem Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi fallið frá kröfum um hauggassöfnun s.s. vegna afskekktar byggðar eða að um sé að ræða urðunarstað á eyju hér við land, sbr. bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 738/2003. Urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuháleigu uppfyllir ekki ofangreind skilyrði og gefur því ekki tilefni til undanþágu frá ákvæðum í reglugerð.
5. **Loks er það ósk SOS að þessi krafa Umhverfisstofnunar gagnvart Kirkjuferjuháleigu verði felld niður.** Krafa um hauggassöfnun kemur fram í lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgagns og reglugerð 738/2003, um urðun úrgagns sem og í starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands fyrir urðunarstaðinn að Kirkjuferjuháleigu frá 8. apríl 2009. Umhverfisstofnun hefur engar heimildir til að falla frá þeim kröfum sem gerðar eru

í lögum.


Í samræmi við ofangreinda umfjöllun telur Umhverfisstofnun ekkert það fram komið sem breyti því að Sorpstöð Suðurlands beri að uppfylla skilyrði starfsleyfis og ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 varðandi hauggassöfnun.


Umhverfisstofnun veitir hér með Sorpstöðu Suðurlands áminningu, sbr. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 738/2003, þar sem Sorpstöð Suðurlands hefur ekki hafið hauggassöfnun á urðunarstaðnum að Kirkjuferjuháleigu eins og fyrirtækinu er skylt skv. ákvæði 3.4 í starfsleyfi og reglugerð nr. 738/2003. Umhverfisstofnun veitir hér með Sorpstöðu Suðurlands frest til að koma með áætlun um úrbætur til og með 12. ágúst 2011.

Sinni Sorpstöð Suðurlands ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frest er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skal kæran borin fram við nefndina innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun þessi berst Sorpstöðu Suðurlands í hendur skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Kæran sendist til Steinunnar Guðbjartsdóttur, formanns, Suðurlandsbraut 6, 4. hæð, 108 Reykjavík.

Virðingarfyllt


Gunnlaug H. Einarsson
staðgengill forstjóra


Hjalti Guðmundsson
sviðsstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands.